

# SKÓLANÁMSKRÁ GERÐASKÓLA 2021 - 2023

---

Almennur hluti



# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	4
<b>2. Saga skólans</b> .....	5
2.1. Skólastjórar Gerðaskóla frá upphafi.....	5
2.2. Merki skólans .....	6
2.3. Skrifstofa skólans og upplýsingar á netinu .....	6
<b>3. Skólastefna Gerðaskóla</b> .....	7
3.1. Skólastefna sveitarfélagsins.....	8
3.2. Uppeldis- og kennslufræðileg stefna .....	8
<b>4. Grunnþættir menntunar</b> .....	10
<b>5. Markmið náms</b> .....	10
<b>6. Námsmat</b> .....	10
<b>7. Mat á skólastarfi</b> .....	11
<b>8. Umbætur og þróunarstarf</b> .....	12
<b>9. Samstarf heimilis og skóla</b> .....	13
9.1. Fræðslufundir .....	13
9.2. Samskipti foreldra og kennara .....	14
9.3. Heimanám.....	14
9.4. Mentor.....	15
9.5. Foreldrafélagið .....	15
<b>10. Samstarf við aðrar skólastofnanir</b> .....	15
10.1. Samstarf við leikskólann Gefnarborg .....	15
10.2. Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.....	18
10.3. Samstarf við Tónlistarskólann .....	18
10.4. Samstarf við félagsmiðstöð .....	18
10.5. Samstarf við íþróttamiðstöð .....	19
<b>11. Móttaka nýrra nemenda</b> .....	19
11.1. Skólabyrjun nemenda í 1. bekk .....	19
11.2. Móttaka nýrra nemenda .....	19
11.3. Fjölpjóðaver .....	20
<b>12. Tengsl við nærsamfélagið</b> .....	21
<b>13. Áætlanir</b> .....	22
13.1. Forvarnarstefna.....	22
13.2. Öryggis- og slysavarnir .....	24
13.3. Jafnrétti og vellíðan .....	25

13.4. Áfallaáætlun .....	27
13.5. Óveður, ófærð .....	28
13.6. Skólareglur .....	28

# 1. Inngangur

Almennur hluti Aðalnámskrár kom út árið 2011 en greinasviðin árið 2013. Hlutverk Aðalnámskrár er m.a. að birta menntastefnu stjórnvalda og vera sem stjórnþæki til að tryggja samræmi og samhæfingu skólstarfs. Aðalnámskráin markar líka ákveðinn starfsramma og veitir aðilum ákveðnar upplýsingar um starfsemi skóla.

Skólanámskrá er útfærsla grunnskóla á ákvæðum Aðalnámskrár grunnskóla. Skólinn hefur sína sérstöðu og geymir skólanámskrá upplýsingar um starfið og áætlun um það sem er framundan. Allir aðila skólasamfélagsins eiga hlutdeild í mótun hennar. Því þarf að gefa kennurum, nemendum og foreldrum færi á að koma að námskráargerðinni. Skólstarfið er í sífelldri þróun og alltaf er miðað að því að nemendur nái hámarksárangri, tileinki sér heilbrigði og líði vel.

Skólanámskrá Gerðaskóla er gefin út í tveimur hlutum. Annars vegar er það þetta rit sem er almennur hluti og hins vegar er það starfsáætlun sem er í tveimur ritum. Kennsluáætlanir tilheyra starfsáætlun og birtast í bekkjanámskrám á heimasíðu skólans. Starfsáætlun byggir á upplýsingum sem eru breytilegar frá ári til árs en almennur hluti, þetta rit, byggir á almennri stefnumörkun skólans.

## 2. Saga skólans

Gerðaskóli var stofnaður árið 1872, var settur í fyrsta sinn þann 7. október að viðstöddu fjölmenni. Hann er sá þriðji í aldursröð þeirra skóla sem starfað hafa óslitið frá stofnun. Aðalhvatamaður að stofnun skólans var séra Sigurður Sívertsen, prestur að Útskálum. Fyrsta skólahúsið stóð á sjávarkambinum í Gerðum. Skólinn fór vel af stað, hann var starfræktur í sjö mánuði og var slitið þann 7. maí 1873. Þennan fyrsta vetur voru fimmtán nemendur skráðir í skólann á aldrinum 8 til 15 ára. Þá voru kenndar fimm kennslugreinar, það voru kristinfræði, Biblíusögur, lestur, skrift og reikningur. Skólahúsnæðið þótti óhentugt, ýmsir vankantar komu í ljós við notkun. Staðsetningin var einnig vafasöm því á flóðum gekk sjórinn upp að húsinu og allt í kringum hann þegar stórstreymt var. Var þá engin leið að leika sér úti í hléum frá kennslu.

Árið 1887 tók skólanefnd á leigu húsnæði fyrir skólann í Miðhúsum en haustið 1890 flutti skólinn í eigið húsnæði að Útskálum. Nýtt skólahúsnæði var síðan reist árið 1911 og er það kjarni núverandi skólahúss. Síðan þá hefur verið byggt við skólann átta sinnum. Nýjasta viðbótin, stækkun að ípróttahúsi, var tekin í gagnið að hluta haustið 2021.

Gerðaskóli er heilstæður grunnskóli í Suðurnesjabæ. Nemendafjöldi haustið 2021 voru 247 nemendur.

### 2.1. Skólastjórar Gerðaskóla frá upphafi

1872 – 1880 Þorgrímur Guðmundssen

1880 – 1881 Eiríkur Gíslason

1881 – 1882 Jón Jónsson

1882 – 1886 Þorgrímur Guðmundssen

1886 – 1887 Jóhann Bjarnason

1887 – 1891 Ögmundur Sigurðsson

1891 – 1892 Kristján G. Jónsson

1892 – 1896 Ögmundur Sigurðsson

1896 – 1901 Bjarni Jónsson

1901 – 1902 Matthildur Finnsdóttir

1902 – 1943 Einar Magnússon

1943 – 1952 Sveinbjörn Árnason

1952 – 1954 Sveinn Halldórsson

1954 – 1960 Þorsteinn Gíslason  
1960 – 1971 Jón Ólafsson  
1971 – 1972 Halldóra Ingibjörnsdóttir  
1973 – 1984 Jón Ólafsson  
1984 – 1985 Bragi Melax  
1985 – 1986 Bergsveinn Auðunsson  
1986 – 1993 Eiríkur Hermannsson  
1993 – 1994 Jón Ögmundsson  
1994 – 1996 Eiríkur Hermannsson  
1996 – 1997 Jón Ögmundsson  
1997 – 2002 Einar Valgeir Arason  
2002 – 2008 Erna Marsibil Sveinbjarnardóttir  
2008 – 2012 Pétur Brynjarsson  
2012 – 2012 Þorkell Ingimarsson  
2012 – 2014 Skarphéðinn Jónsson  
2014 – 2015 Ágúst Ólason  
2015 – 2018 Jóhann Gísli Geirdal Gíslason  
2018           Eva Björk Sveinsdóttir

## 2.2. Merki skólans

Veturinn 1984 - 1985 efndi foreldrafélag Gerðaskóla til samkeppni um merki skólans, sem það lét hanna og gaf skólanum.

Vinningstillöguna átti Hreggviður Guðgeirsson.



## 2.3. Skrifstofa skólans og upplýsingar á netinu

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 7:45 – 15:30

Skólaritari er Fanney G. Öfjörð Magnúsdóttir

Símanúmer skólans er 4253050

Gerðaskóli er með heimasíðu og er vefslóðin [www.gerdaskoli.is](http://www.gerdaskoli.is) þar er að finna allar upplýsingar um skólann, starfsemina og fréttir úr skólastarfinu.

Skólinn er einnig með Facebooksíðu sem notuð er sem upplýsingasiða. Vefslóðin á hana er [www.facebook.com/gerdaskoli](http://www.facebook.com/gerdaskoli)

Netfang skólans er [gerdaskoli@gerdaskoli.is](mailto:gerdaskoli@gerdaskoli.is)

### 3. Skólastefna Gerðaskóla

#### Einkunnarorð Gerðaskóla:

#### Virðing – ábyrgð – árangur – ánægja

Gerðaskóli starfar samkvæmt skilgreiningu um skóla án aðgreiningar, sem felur í sér viðurkenningu á einstaklingsmun, rétti hvers nemanda til að stunda nám innan félagsheildar bekkjarins samkvæmt námskrá með aðferðum sem styrkja sjálfsmynd hans og auka sjálfstæði. Skóli án aðgreiningar er ekki sérmál einstakra kennara heldur skólans alls. Allir aðilar, kennarar, foreldrar og nemendur geta haft áhrif á skipulag námsins.

Skólastefna Gerðaskóla lýtur að nemendum og námi þeirra, þ.e. hlutverki skólans sem grunnskóla. Í Gerðaskóla eru aðstæður eins öruggar og uppbyggjandi og kostur er svo hver nemandi fái kennslu við hæfi og þroskist í samræmi við getu. Fjölbreytni í skólastarfinu er mikilvæg til þess að ná til allra nemenda þegar skipuleggja þarf nám við hæfi hvers og eins.

Nám eru aðstæður þar sem nemandinn er ekki aðeins vitsmunalega virkur heldur einnig tilfinningalega og líkamlega, markmiðin skýr og hluti af stærra samhengi. Námið hefst í spurn og áhuga og leiðir til rannsókna á því hvaða lausnir eru mögulegar.

Gerðaskóli vill rækta tengsl við umhverfi sitt og þá sem þar búa. Hann vill stuðla að því að nemendur, foreldrar og aðrir íbúar í sveitarfélaginu líti skólann og starfið þar með jákvæðum huga og geti átt þangað erindi til afþreyingar og fræðslu utan hefðbundins skólatíma til hagsbóta fyrir sjálfa sig og samfélagið sem skólinn þjónar.

### 3.1. Skólastefna sveitarfélagsins

Skv. grunnskólalögum skal hvert sveitarfélag gera skólastefnu fyrir sveitarfélagið. 28. júní 2014 samþykkti bæjarstjórn Garðs nýja skólastefnu fyrir sveitarfélagið Garð 2014 – 2020. Við gerð hennar var horft til nýrrar menntastefnu og aðalnámskrár, laga sem gilda um skólastarf, eldri skólastefnu og núverandi skólastarfs. Unnið var út frá hugmyndinni um eitt skólasamfélag sem samheiti yfir grunn-, leik- og tónlistarskóla og æskulýðs- og tómstundastarfið. Sett var niður sameiginleg skólastefna og hlutverk skólasamfélagsins skilgreint. Dregin fram þau gildi sem eru ríkjandi eða æskilegt er að endurspegli starfið. Framtíðarsýn var mótuð til ársins 2020. Skilgreind voru meginmarkmið til að framtíðarsýnin náist og að lokum sett fram helstu áfangamarkmið sem eru aðgerðarbundin og tímasett. Von er á nýrri skólastefnu Suðurnesjabæjar haustið 2021.

#### Gildi skólasamfélagsins eru:

**ÁBYRGÐ** Traustur grunnur sem starfið byggir á.

**VIRÐING** Fyrir sjálfum sér og öðrum

**GLEÐI** Það er gaman að vera

**LEIKUR** Nálgun við starf og líf

**SKÖPUN** Frjó hugsun fær að njóta sín

**ÁRANGUR** Drifkraftur, metnaður og þrá til að gera betur

### 3.2. Uppeldis- og kennslufræðileg stefna

Nemendum er skipt í ákveðna námshópa eða bekkjardeildir. Í ár eru þrettán bekkjardeildir í Gerðaskóla og 247 nemendur alls. Yfir hverri deild er umsjónarkennari sem heldur utan um bekkjarstarfið og nemendahópinn.

Í skólastarfinu ber alltaf að hafa hagsmuni nemandans að leiðarljósi. Námsumhverfið þarf að vera eins námshvetjandi og kostur er en öryggi nemandna og líðan verða alltaf að vera í fyrirrúmi. Opnun á nýju kennslurými í ágúst mun bæta starfið því húsakostur hefur áhrif á allt starfið. Skólinn bindur vonir við að nýtt kennslusvæði fyrir hönnun og smíði og textíl verði tilbúið í ágúst 2022. Núverandi kennslusvæði uppfyllir ekki öll skilyrði Vinnueftirlitsins ásamt því að þar eru rakaskemmdir. Vinnusvæði kennara er



ekki stórt og komast ekki allir kennarar þar fyrir. Fyrirhugað er að stækka það rými á vorönn 2021.

Í námi nemenda skal stefnt að því að þeir fái sem besta kennslu og almenna menntun við hæfi hvers og eins. Til að nálgast það markmið þarf að vera fjölbreytni í vinnubrögðum. Í vali á kennsluaðferðum og viðfangsefnum skal viðhafa fjölbreytni og taka tillit til aldurs, þroska og námsgetu nemenda til að stuðla að því að námsárangur verði eins góður og kostur er. Mikilvægt er að nemendur og foreldrar komi að skipulagi námsins eins og kostur er. Þeir nemendur sem víkja frá námsefni bekkjar eru með einstaklingsnámskrá sem er gerð af kennurum með aðkomu foreldra og nemenda.

Góð líðan nemenda í skólanum er grundvallarþáttur þess að þeir geti nýtt sér námið sem skyldi. Starfsfólki ber að fylgjast með andlegri, líkamlegri og félagslegri líðan nemenda og gera viðeigandi ráðstafanir ef þeir meta það svo. Eitt meginmarkmið náms í grunnskóla er alhliða þroski og almenn menntun einstaklingsins.

Í grunnskólalögunum er kveðið á um réttindi og skyldur nemenda og ber þeim að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því sem skólann varðar. Fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkini. Ef misbrestur er á þessu þarf að bregðast við því á þann hátt er hæfir í hverju tilviki.

Ávallt skal höfð að leiðarljósi sú sýn að eftir grunnskóla verði nemendur vel menntaðir, temji sér heilbrigða lífshætti og hafi agaða og jávæða sjálfsmýnd. Einnig að þeir hafi samkennd með öðrum, búi yfir færni í samskiptum, séu færir um að bregðast við hvers konar aðstæðum og beri virðingu fyrir lífinu, sjálfum sér og öðrum.

Góð menntun er mikilvægur þáttur í að komast af í nútíma samfélagi. Sá grundvöllur að menntun sem lagður er í grunnskólum, er nauðsynleg forsenda frekara náms. Því betri sem sá grunnur er, þeim mun líklegri er að frekari menntun og störf verði farsæl fyrir einstaklinginn og samfélagið. Í dag er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að nemandinn geti aflað sér þekkingar á skjótan og aðgengilegan máta. Að kunna að nálgast þekkingu er ekki síður mikilvægt en þekkingin sjálf.

Haustið 2020 hófst innleiðing á uppeldisstefnunni Jákvæðum aga. Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Ráðgert er að innleiðing taki um 2 – 3 ár.

## 4. Grunnþættir menntunar

Í aðalnámskrá grunnskóla eru skilgreindir grunnþættir í íslenskri menntun, þessir grunnþættir eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættir menntunar skulu vera leiðarljós í öllu skólastarfi. Gerðaskóli leitast við að skapa námssamfélag sem hvetur til náms og fær nemendur til að hugsa um gildi þess að vera góð manneskja. Með grunnþáttunum er lögð áhersla á starfshætti og skólabrag sem styrkir nemendur til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í síbreytilegu jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

## 5. Markmið náms

Í 2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er markmið grunnskóla skilgreint. Þar kemur m.a. fram að hlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin sé að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Skólanum er ætlað að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem býr þá undir nám og starf að loknum grunnskóla og í raun ævilangt. Í Gerðaskóla er lögð undirstaða að þátttöku einstaklingsins í lýðræðisþjóðfélagi og þau manngildi ræktuð sem styðja við alhliða þroska, efla vitund um íslenska menningu og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Lögð er áhersla á að flétta grunnþætti menntastefnu aðalnámskrár inn í skólastarfið. Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við nemendur á forsendum hvers og eins. Reynt er að velja hæfilega krefjandi viðfangsefni til að allir nemendur geti náð árangri.

## 6. Námsmat

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla á mat á hæfni og framförum nemenda að vera reglubundinn þáttur í skólastarfinu. Megintilgangur námsmats er að skoða stöðu nemandans, leiðbeina honum með námið og hvernig hann getur náð markmiðum.

Námsmat gefur einnig nemendum, foreldrum og kennurum upplýsingar um námsgengi.

Skólaár Gerðaskóla er eitt tímabil og í skólanum á sér stað bæði formlegt og óformlegt námsmat allt skólaárið. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem nemendur geta bætt námsárangur sinn og skilja til hvers er ætlast af þeim.

Haldið er utan um námsmat í Mentor með skráningum á hæfnikort nemenda í flestum námsgreinum jafnt og þétt yfir skólaárið. Í janúar er framvinda metin í Mentor og gefst nemendum, foreldrum og kennurum kostur á að ræða stöðu nemenda á samskiptadegi. Í lok skólaárs fá nemendur afhent vitnisburðarskjöl. Nemendur í 1. – 4. bekk fá vitnisburð sinn í hæfnitáknum og umsögnum en nemendur í 5. – 10. bekk í bókstöfum. Námsmat er ekki eins hjá öllum nemendum. Í umsagnarreit á vitnisburðarskjali kemur fram ef um frávík er að ræða. Stjörnumerktur vitnisburður merkir að nemandi á erfitt með að tileinka sér námsmarkmið árgangsins og er þess vegna í aðlöguðu námsefni.

Í bekkjanámskrám sem eru á heimasíðu skólans má sjá hvernig námsmati er háttað í einstökum námsgreinum.

## 7. Mat á skólastarfi

Samkvæmt grunnskólalögum er mat á skólastarfi tvíþætt. Annars vegar er það innra mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar ytra mat sem Menntamálastofnun hefur umsjón með fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Við innra mat er verið að ígrunda skólastarfið, þar er lagt mat á hversu vel hefur tekist til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Matið dregur fram sterkar hliðar skólastarfsins ásamt þeim veiku og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu til að stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður eru nýttar til umbóta í skólastarfinu að höfðu samráði við skólaráð.

Vinna við innra mat Gerðaskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Árlega er gerð sjálfsmatsskýrsla sem birt er á heimasíðu skólans. Nánari útfærslu á mati á skólastarfi má finna í starfsáætlun skólans.

## 8. Umbætur og þróunarstarf

Skólaárin 2021 – 2023 verður áhersla á tækni í kennslu og samþættingu námsgreina. Allir nemendur í 7. – 10. bekk eru með fartölvur og nemendur í 1. og 6. bekk eru með ípad. Skólinn er að byggja upp tæknisvæði í skólanum sem er fyrir ofan bókasafnið. Starfrækt verður teymi innan skólans sem leiðir þessa vinnu. Einnig fundar teymið með tækniteyimum úr Sandgerðisskóla og Stóru-Vogaskóla.

Starfsfólk skólans fór á námskeið Hugarfrelsis skólaárin 2019 - 2021. Áherslan var á öndunaræfingar, jóga, slökun og hugleiðslu. Keypt voru nokkur eintök af bókinni: Hugarfrelsi – kennsluleiðbeiningar. Einnig fékk skólinn fyrirlestur frá sömu aðilum um uppbyggingu á jákvæðri sjálfsmynd barna. Þar fékk starfsfólk ráðgjöf við að draga fram styrkleika barna og hvernig er hægt að ýta undir jákvæðni.

Gerðaskóli fékk styrk úr Sprotasjóði við innleiðingu á velferðarkennslu. Í ágúst 2021 var byrjað að undirbúa kennslusvæðið. Hugmyndin með velferðarkennslu er að nemendur geti sótt rólegan stað í skólanum, lært slökun og fengið leiðsögn við að finna styrkleika sína. Á þessu svæði verður einnig boðið upp á að nemendur og foreldrar geti sótt markþjálfun.

Á síðasta skólaári var eineltisstefna skólans yfirfarin. Starfsfólk horfði til annarra skóla í þeirri yfirferð og hvað hafði virkað vel. Fyrirhugað var að vera með skólaþing þar sem starfsfólk, nemendur og foreldrar gætu komið að stefnumótuninni en vegna Covid-19 var það ekki hægt. Starfsfólk skólans vann því áætlunina, sendi drög til foreldra og gaf þeim færi á að koma með athugasemdir eða tillögur. Ný samskiptaáætlun var svo tekin í notkun vorið 2021.

Eins og áður sagði verður unnið með innleiðingu á Jákvæðum aga. Kennarar og stuðningsfulltrúar fengu í ágúst fyrirlestur frá miðstöð skólaþróunar um bekkjafundi. Fræðsla um Jákvæðan aga mun vera jafnt og þétt yfir skólaárið.

Á hverju ári er framkvæmt innra mat og frá niðurstöðum matsins er síðan unnin áætlun um umbætur og þróunarstarf. Sjálfsmatsskýrsla er gefin út eftir hvert skólaár og er hún birt á heimasíðu skólans.

## 9. Samstarf heimilis og skóla

Skólinn leggur grunn að samstarfi heimilis og skóla frá upphafi skólagöngu. Heimili og skóli vinna í sameiningu að þroska og velferð barnanna. Náið samband milli heimila og skóla er ekki einasta mikilvæg heldur nauðsynleg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skortur á þátttöku fjölskyldunnar dregur stórlega úr möguleikum nemenda til að ná árangri.

Kennarar og annað starfsfólk skólans er bundið trúnaði gagnvart persónulegum upplýsingum nemenda og mikilvægt er að gagnkvæmt traust ríki á milli kennara og foreldra þannig að þeir geti rætt í trúnaði um málefni barnsins.

Með góðu samstarfi afla kennarar upplýsinga um hæfileika barns, skapgerðareinkenni og áhugamál og foreldrar kynnast innviðum skólastarfsins og eru betur í stakk búnir til þess að taka virkan þátt í námi barnsins. Samstarfið getur þannig stuðlað að meira öryggi og vellíðan barnsins og þar með betri árangri í námi og velgengni í starfi.

Bandarískar og evrópskar rannsóknir sýna fram á ótvíræða fylgni gengis nemenda í skóla og samstarfs heimilis og skóla.

### 9.1. Fræðslufundir

Foreldrar eru ábyrgir fyrir uppeldi barna sinna en starfsmenn skólans eru þátttakendur í uppeldi og mótun nemenda. Samstarf heimilis og skóla varðandi uppeldismál fara að mestu fram í gegnum fræðslu og heimanám. Oft eru fundir og fyrirlestrar um skóla- og uppeldismál haldnir í skólanum, ýmist á vegum skólans eða t.d. foreldrafélagsins. Á þeim fyrirlestrum/fundum er mikilvægt að allir nemendur eigi fulltrúa.

## 9.2. Samskipti foreldra og kennara

Samskipti heimilis og skóla hafa þann megin tilgang að miðla upplýsingum á báða bóga. Með góðu upplýsingaflæði er m.a. stuðlað að góðri líðan, auknum þroska og námi barnanna. Gott foreldrasamstarf stuðlar að bættu skólastarfi. Umsjónarkennari þarf að fá upplýsingar um breytingar sem verða hjá fjölskyldunni s.s. skilnað foreldra, andlát í fjölskyldu, veikindi og lyfjanotkun. Skólinn skal gefa upplýsingar um gengi barnsins; námslega, tilfinningalega og félagslega.

Samskipti fara fram með ýmsum hætti s.s.; foreldrafundir, bekkjarfundir, foreldra/nemenda viðtöl, símtöl, reglulegir teymisfundir, samskipti á netinu, vikuáætlanir og notkun samskiptabókar.

Samskiptadagar eru í október og janúar til þess að ræða námsgengi og önnur mál er varða einstaka nemendur. Í 1. bekk eru einnig foreldraviðtöl í skólabyrjun. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum við kennara hvenær sem er yfir skólaárið.

Skólinn er opinn foreldrum til að fylgjast með kennslu og ber foreldrum að gæta trúnaðar um það sem þeir kunna að heyra eða sjá um einstaka nemendur og/eða skólasamfélagið.

Fréttum og tilkynningum er einnig miðlað til foreldra á heimasíðu skólans ásamt facebooksíðu og með tölvusamskiptum.

## 9.3. Heimanám

Hverju barni er nauðsynlegt að foreldrar styðji og taki þátt í menntun þess. Stuðningur getur birst á ýmsan hátt, s.s. að foreldrar sjái til þess að börn þeirra fái næði til heimanáms, nauðsynlega hvíld og hollt fæði, mæti stundvíslega í skólann með þau gögn sem til er ætlast, einnig að rætt sé við börnin um atburði líðandi stundar, lesið fyrir þau eða þau hvött til lestrar, gefin tækifæri til þátttöku í menningarviðburðum og að sinna áhugamálum.

Í gegnum heimanámið gefst foreldrum tækifæri til að fylgjast með námsefni sem skólinn býður upp á, námsframvindu barna sinna og auka árangur þeirra.

### Markmið heimanáms er að:

- Ljúka verkefni sem byrjað var á í skóla
- Rifja upp og byggja ofan á það sem hefur þegar verið kennt í skólanum
- Undirbúa vinnu fyrir kennslustund

- Kanna skilning
- Vinna sjálfstætt og auka sjálfsaga
- Nota efni og upplýsingar sem ekki eru til staðar í skólanum

**Hlutverk kennara gagnvart heimanámi:**

- Útskýrir væntingar sínar til heimanáms.
- Kynnir foreldrum námsefni og námsleiðir.
- Gefur greinagóðar upplýsingar um heimanámið s.s. í vikuáætlunum og á samstarfsfundum.

**9.4. Mentor**

Gerðaskóli er í samstarfi við Mentor. Kennarar færa þar inn upplýsingar um ástundun, námsmat og heimavinnu nemenda. Nemendur safna á hæfnikort sitt yfir skólaárið en framvinda er metin í janúar. Nemendur og foreldrar fá veflykil hjá umsjónarkennara eða ritara við upphaf skólagöngu sem veitir foreldrum og nemendum aðgang að upplýsingum. Mikilvægt er að foreldrar skrái réttar upplýsingar í Mentor. Forsjárlausir foreldrar hafa aðgang að Mentor og þeim skriflegu upplýsingum sem snúa að skólagöngu barna sinna svo lengi sem þar komi ekki fram upplýsingar um persónulega hagi forsjárforeldris. Ef lykilorð glatast er hægt að sækja nýtt inn á Mentor.

**9.5. Foreldrafélagið**

Í 9. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 er fjallað um foreldrafélög og þar segir m.a. „Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.“

**10. Samstarf við aðrar skólastofnanir****10.1. Samstarf við leikskólann Gefnarborg**

Mikilvægt er að nám barna sé samfellt og leik- og grunnskóli taki tillit til reynslu barnanna. Nauðsynlegt er að báðir aðilar sæki hugmyndir og kennsluaðferðir frá hvor öðrum.

Það gerist margt hjá barni sem er að byrja í grunnskóla, nýtt umhverfi sem er stærra en þau hafa vanist. Með góðu samstarfi leik- og grunnskóla eru skólaskiptin gerð jákvæðari og auðveldari bæði fyrir nemendur og kennara. Samstarf af þessu tagi styrkir námslega færni og félagslega þætti hjá nemendum þannig að það hefur áhrif fram eftir öllum árum þeirra í grunnskóla.

Kveðið er á um samstarf leik- og grunnskóla í lögum og reglugerðum og sýnt hefur verið fram á mikilvægi þess í rannsóknum.

Markmið með samstarfi skólanna er:

- að efla og þróa það samstarf sem þegar er fyrir hendi
- að skapa samfellu í námi barna / nemenda á þessum tveimur skólastigum
- að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu á starfi kennaranna á hvoru skólastigi
- að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- að leggja drög að farsælu lestrarnámi barna
- að leggja áherslu á jöfn tækifæri til náms miðað við skólastarf án aðgreiningar

#### **Tengsl leikskóla og grunnskóla:**

- tengsl og samstarf milli leikskólakennara, sem hafa umsjón með elstu börnum leikskóla, og grunnskólakennara, sem taka við þeim í 1. bekk grunnskóla, er mikilvægt
- það er hagur barnanna að kennarar á báðum þessum skólastigum séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hverra annarra
- því betri samfella sem er á milli skólastiganna, því meiri líkur eru á farsælu upphafi grunnskólagöngunnar

#### **Leiðir:**

- að bera saman og samræma námskrár elstu aldurshópa í leikskóla og yngstu deilda í grunnskóla
- að stuðla að gagnkvæmum vettvangsheimsóknum kennara beggja skólastiga á starfstíma grunnskóla
- að festa í sessi heimsóknir skólahópsins í leikskólanum í grunnskólann og nemenda 1. bekkjar grunnskólans í leikskólann
- að hafa vorskóla í grunnskólanum í maí fyrir elstu börnin í leikskólanum
- að gefa grunnskólanum markvissar upplýsingar um nemendur leikskólans, með leyfi foreldra á þar til gerðu eyðublaði. Þessar upplýsingar eru látnar í té á



skilafundi skólastjórnenda í leik- og grunnskólanum ásamt kennara sem tekur við bekknum

- að leikskólaráðgjafi í sérkennslu skili umsögn um þau börn sem fengið hafa sérkennslu í leikskólanum eða hann hefur haft afskipti af að öðru leyti
- að fundir verða haldnir í janúar og maí þar sem árangur starfsins er metinn

### Verklýsing skólaársins

Markmið:

- að kennarar kynni sér námskrár elstu barna í leikskóla og yngstu nemenda í grunnskóla með aðaláherslu á inntak og vinnubrögð á hvoru skólastigi fyrir sig
- að námið í 1. bekk taki mið af stöðu hvers barns samkvæmt upplýsingum leikskólans
- að fimm ára börnin verði kunnug væntanlegum „vinnustað“
- að nýnemar grunnskólans verði öruggir í nýjum skóla
- að greina börn sem eiga í málfarslegum erfiðleikum
- að vinna að því að finna eins fljótt og auðið er þau börn sem síðar gætu átt í erfiðleikum með lestrartileinkun

Leiðir:

- að kennarar í 1. bekk grunnskólans og leikskólakennarar skólahóps eigi einn sameiginlegan vinnufund (tvær klst.) að vori (maí-júní)
- að leik- og grunnskólakennurum verði gert kleift að fara í vettvangsheimsóknir á vinnutíma um miðjan október
- að deildarstjóri í sérkennslu í grunnskólanum heimsæki leikskólann í byrjun mars til að fá upplýsingar um börn með sérþarfir
- að skólahópur leikskólans komi í reglulegar heimsóknir í grunnskólann og sitji vorskóla í maí
- að nemendur 1. bekkjar heimsæki sinn gamla skóla, leikskólann, í febrúar
- að haldinn verði fundur í grunnskólanum að vori með foreldrum leikskólabarna
- að leikskólastjóri og umsjónarkennari skólahóps skili upplýsingum um hvert leikskólabarn á þar til gerðum eyðublöðum til skólastjóra grunnskólans og kennara 1. bekkjar á skilafundi að vori

- að skólastjórar og kennarar beggja skóla hafi vinnufund að vori þar sem farið verður yfir starfið og árangur út frá þeim viðmiðum sem sett hafa verið varðandi mál og hreyfiproska

## 10.2. Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Samstarf Gerðaskóla við Fjölbrautarskóla Suðurnesja hefur verið að þróast lengi. Náms- og starfsráðgjafi Gerðaskóla er tengiliður við skólann. Á hverju vori fara nemendur í 9. bekk ásamt umsjónarkennara og náms- og starfsráðgjafa í heimsókn í FS þar sem þeim er sýndur skólinn. Námsráðgjafi FS kemur svo í skólann og kynnir námið fyrir nemendum í 10. bekk.

Á síðustu árum hefur nemendum í elstu bekkjum Gerðaskóla verið boðið að velja sér valgreinar í Fjölbrautaskólanum. Fjölbreytni þessara greina hefur aukist ár frá ári en nemendur þurfa að hafa staðið sig vel í grunnskóla til að geta nýtt sér að fara í þessar valgreinar.

## 10.3. Samstarf við Tónlistarskólann

Samstarf Gerðaskóla og Tónlistarskólans á sér nokkra sögu. Grunnskólanemendur tónlistarskólans geta sinnt námi sínu á skólatíma ef þeir óska þess. Tónlistarskólinn er með aðgang að kennslustofu í skólanum.

Síðustu ár hefur verið samvinna með skólakór sem er starfræktur í skólanum. Einnig er mikil samvinna um uppsetningu leiksýninga. Þar hefur tónlistarskólinn komið að tónlistaratriðum.

## 10.4. Samstarf við félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðin Eldingin er einkum ætluð fyrir unglinga í 7. - 10. bekk Gerðaskóla. Félagsmiðstöðin sinnir einnig yngri nemendum skólans með því t.d. að halda diskótek fyrir yngri nemendur.

Samvinna við starfsfólk félagsmiðstöðvar er góð, það er alltaf tilbúið til að aðstoða til dæmis á árshátíðum eða ef gestir koma til skólans og segja má að hjálpsémin sé gagnkvæm. Oftar en ekki veljast sömu unglingar til setu í stórn unglingaráðs félagsmiðstöðvar og nemendafélags skólans.

## 10.5. Samstarf við íþróttamiðstöð

Samstarf Gerðaskóla og íþróttamiðstöðvar er mikið. Ekki aðeins að skólinn leigir aðstöðu til íþrótt- og sundkennslu heldur hjálpast þessar tvær stofnanir að eftir þörfum. Almennt má segja að mikill samgangur og mikið samstarf sé á milli Gerðaskóla og íþróttamiðstöðvar. Óhætt er að segja að það byggist á jákvæðni og trausti. Á haustin hitta deildarstjóri og yfirproskapjálfi starfsmenn íþróttahússins og fara yfir nálgun við nemendur með sérþarfir.

# 11. Móttaka nýrra nemenda

## 11.1. Skólabyrjun nemenda í 1. bekk

Nemendur á síðasta ári leikskóla koma í heimsóknir í skólann nokkrum sinnum yfir skólaárið ásamt leikskólakennurum. Maí ár hvert er haldinn vorskóli fyrir væntanlega nemendur í 1. bekk. Markmið með honum er að kynna nemendum það umhverfi sem bíður þeirra að hausti og minnka hugsanlegan kvíða fyrir því að byrja í skóla. Grunnskólinn þarf einnig að huga að skólabyrjun barna sem ekki eru í leikskóla. Skólastjóri sendir foreldrum allra barna sem eru á skrá í Gerðaskólahverfinu og eru væntanlegir í 1. bekk og gefur þeim kost á að mæta í vorskólann. Kennarar á yngsta stigi sjá um að undirbúa vorskólann í samráði við skólastjóra.

Skólastjóri heldur fund með foreldrum þegar nemendur koma í vorskólann.

## 11.2. Móttaka nýrra nemenda

Þegar nemandi hefur nám við Gerðaskóla innritar foreldri hann hjá skrifstofustjóra skólans eða rafrænt á heimasíðu skólans. Skrifstofustjóri kemur upplýsingum til skólastjórnenda. Þá sendir skrifstofustjóri tölvupóst á allra starfsmenn skólans þar sem vakin er athygli á að nýr nemandi hafi hafið nám við skólann. Ef nemandi innritast eftir að skólastarf hefst að hausti boða skólastjórnendur til fundar með nemandanum, foreldri, umsjónarkennara og öðrum þeim sem þurfa þykir. Athugað er hvort þurfi túlk í viðtalið.

### Undirbúningur viðtals

Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda, hvaðan hann er og hvenær móttökuviðtal fer fram.

Umsjónarkennari undirbýr nemendur fyrir komu nýs nemanda og tilkynnir jafnframt öðrum kennurum sem kenna honum um komu hans.

### Móttökuviðtal

Móttökuviðtalið sitja foreldrar, nemandi, skólastjórnandi, umsjónarkennari og aðrir þeir sem nauðsyn er talin á að sitji viðtalið.

Eftirfarandi þættir eru útskýrðir fyrir foreldrum og nemandanum í móttökuviðtalinu:

- Stundaskrá nemandans. Farið yfir hverja kennslustund þannig að ljóst sé um hvaða námsgrein er að ræða.
- Íþróttir og sund. Staðsetning, fatnaður, reglur varðandi sturtu og mætingar.
- Skóladagatal. Farið yfir þá daga sem ekki eru hefðbundnir skóladagar.
- Símanúmer skólans, heimasíða, facebook og netföng kynnt.
- Skólareglur og mætingaskylda.
- Mötuneyti og nestismál kynnt foreldrum.
- Skólagæslan kynnt ef um nemanda í 1. - 4. bekk er að að ræða.
- Ákveðið hvenær nemandinn byrjar í skólanum.
- Hvert á að snúa sér ef nemanda líður illa í skólanum.
- Hlutverk foreldra hvað snertir heimanám og samstarf heimilis og skóla.
- Mentor kynntur fyrir foreldrum.
- Farin kynnisferð um skólann.
- Námsráðgjafi boðar nemanda til viðtals fljótlega eftir að nemandi hefur nám við skólann.
- Valinn er móttökustjóri úr hópi nemenda bekkjarins til að sinna nýja nemandanum í nokkra daga.

### 11.3. Fjölpjóðaver

Í Gerðaskóla er fjölpjóðaver þar sem kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku fer fram. Nemendur tilheyra allir almennum bekk og hafa sinn umsjónarkennara en fara í verið til að öðlast meiri orðaforða og færni í íslensku. Þetta getur átt við nemendur af erlendum uppruna eða íslenska nemendur sem dvalið hafa lengi erlendis.

Kennari í fjölþjóðaveri vinnur stundatöflu fyrir nemendur í samstarfi við deildastjóra stoðþjónustu, umsjónarkennara og foreldra. Nemandi fylgir sínum bekk eins og kostur er og kennsla tekur mið af þörfum hans.

### **Móttökuferlið**

- Áður en skólaganga hefst þarf nemandi að hafa dvalarleyfi og heilbrigðisvottorð
- Túlkur er pantaður ef þörf er á því
- Umsjónarkennari og kennari fjölþjóðavers boða nemanda og forráðamenn í móttökuviðtal
- Hafa til taks innritunarblað

### **Kynna þarf fyrir forráðamönnum og nemanda:**

- Starfsemi skólans (húsnæðið, kennara, stundaskrá, mötuneyti, íþróttamiðstöð o.fl.)
- Samstarf heimilis og skóla (Mentor, foreldrafélag o.fl.)
- Símanúmer skólans, heimasíðu og facebooksíðu
- Nesti, íþróttafatnað og sundfatnað
- Hvernig á að tilkynna forföll og biðja um leyfi
- Hvert á að snúa sér ef vandamál koma upp
- Fjölþjóðaver
- Fyrsta skóladaginn og staðfesta hvenær hann er áætlaður
- Næsta fund (ef við á)

## **12. Tengsl við nærsamfélagið**

Gerðaskóli vill að nemendur og starfsfólk eigi í góðum samskiptum við nærsamfélag skólans. Nærsamfélag Gerðaskóla er allt sveitarfélagið, samferðafólk, fyrirtæki, stofnanir og umhverfið. Tenging við nærsamfélagið nær t.d. yfir umhverfið, menningu, listir, íþróttir, tómstundarstarf og atvinnulíf (aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 46). Gerðaskóli er í góðum samskiptum við ýmsa aðila í nærsamfélaginu og má þar nefna, tónlistarskólann, leikskólann, lögreglu, bókasafn, félagsmiðstöðina, félagsstarf eldri borgara og búðina.

## 13. Áætlanir

### 13.1. Forvarnarstefna

Grunnskólinn skal vinna markvisst að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda og uppbyggjandi samskiptaháttum og almennri mannrækt (Aðalnámskrá 2011). Eðlilegt er að flétta forvarnir inn í daglegt starf í skólanum eftir því sem við á.

Gerðaskóli hvetur nemendur í að tileinka sér heilbrigðan lífstíl, jákvætt viðhorf og mannþætandi tómstundir. Skólinn vill gera nemendum kleift að styrkja sjálfsmynd sína, í því felst heilbrigð sjálfsvirðing, sjálfstraust og sjálfsábyrgð, með það að markmiði að auka færni þeirra í lífsleikni.

Skólinn leggur áherslu á að allir nemendur skólans séu upplýstir um skaðsemi áfengis, tóbaks og annarra vímuefna á líf og heilsu.

Skólinn leggur áherslu á að taka þátt í forvarnarfræðslu til nemenda, foreldra og starfsfólks skólans um andlegt og líkamlegt ofbeldi, alnæmi, kynsjúkdóma, geðrækt, matarvenjur, kynþroska, kynþáttafordóma o.fl.

Árlega er sk. forvarnardagur haldinn í 9. bekk og er hann m.a. tileinkaður baráttu gegn notkun ávana og fíkniefna.

Í grófum dráttum eru formlegar forvarnir skv. eftirfarandi, hins vegar eru öll tækifæri notuð til að ræða um forvarnarmál.

#### Fræðsla lögreglu

Mikið af fræðslu yngstu nemendanna er umferðartengt, þ.e. hvernig þau nota götuna, umferðarljósín, hvar þau eiga að hjóla og hvernig þau eiga að fara yfir götu hvort sem þau eru á hjóli eður ei, bílbelti, bílstólar ef það á við, hjálmanotkun og gildi hans, reglan um loftpúða í bíl, höggþungi, veggjakrot, eignaspjöll, endurskin og svo mætti lengi telja. Á miðstigi er einnig rætt um hegðun og viðhorf þeirra, t.d. veggjakrot, eignaspjöll, ofbeldi, ökuréttindi á léttbifhjól, rafmagnsvespur og hvað gildir um slík tæki, ábyrg netnotkun og í einhverjum tilvikum rætt um vímuefni.

Hjá elstu nemendunum er auk umferðarmála rætt um ábyrga netnotkun, vímuefnaforvarnir, sakhæfi, sakavottorð, ökuréttindi bæði á létt bifhjól og vespur, almenn ökuréttindi, ábyrgð í umferðinni, veggjakrot, eignaspjöll, ofbeldi, flekkað mannorð og margt fleira.

### **Skólaheilsugæsla**

Starfsemi skólaheilsugæslu er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum er um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglulegum heilsufarsathugunum, ónæmisaðgerðum, heilbrigðisfræðslu, viðtölum og ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsfólks skólans.

Markmið heilsuverndar skólabarna er að stuðla að því að skólabörn fái að þroskast við sem bestar andlegar, líkamlegar og félagslegar aðstæður. Þetta á við um t.d. mataræði og hollustu, hreyfingu o.m.fl. Helstu áherslur í heilsuvernd skólabarna eru fræðsla og heilsuefling, bólusetningar, skimanir og skoðanir og umönnun veikra og slasaðra barna ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

Hjúkrunarfræðingur hittir nemendur einslega og í hópum og ræðir um kynþroska, kynheilbrigði, kynhegðun o.fl. því tengt.

Hjúkrunarfræðingur heilsuverndar skólabarna vinnur í náninni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi.

### **Kynferðislegt ofbeldi**

Starfsfólk og hjúkrunarfræðingur eru meðvituð um birtingarmyndir kynferðilegs ofbeldis. Ef grunur um slíkt vaknar er haft samband við sérfræðinga barnaverndar o.fl. ef við á. Árlega er boðið upp á leiksýningu fyrir 2. bekk þar sem viðfangsefnið er kynferðislegt ofbeldi.

### **Samskiptaáætlun**

Umræður um einelti og andfélagslega hegðun fer fram í bekkjum. Kennarar og annað starfsfólk leggur áherslu á heilbrigðan og góðan skólabrag og fylgist með líðan nemenda. Gerðaskóli skipuleggur verkefni sem gengur út á að nemendur skipuleggja leiki í frímínútum ásamt starfsfólki. Verkefnið hefur það að markmiði að efla þátttöku allra í leikjum í frímínútum, auka samkennd og samvinnu og að styrkja ábyrgðartilfinningu nemenda. Verði starfsmaður var við einelti eða vanlíðan eða vakni grunur um það t.d. í kjölfar ábendingar skal brugðist við í samræmi við verklagsreglur. Árlega er dagur gegn einelti og er þá sérstaklega unnið með málefnið og e.t.v. fenginn aðili til að heimsækja nemendur. Samskiptaáætlun Gerðaskóla er að finna á heimasíðu skólans.

### **Ávana- og fíkniefni**

Gerðaskóli er vímuefnalaus skóli og mikilvægt er að vinna sérstaklega með þann þátt. Kennarar skulu nýta þau tækifæri sem gefast t.d. í lífsleikni- eða umsjónartímum og ræða við nemendur um heilbrigðan lífsstíl og mikilvægi þess að afneita ávana- og fíkniefnum.

### **Heilsa og heilbrigði**

Mikilvægt er að stuðla að hollri hreyfingu með t.d. útiveru með kennurum og í frímínútum. Eldri nemendum er boðið að taka þátt í auka hreyfingu í valgreinum. Æskilegt er að skólinn taki þátt í Skólahreysti og geri sem mest úr því.

### **Matur, næring og hollusta**

Hádegismatur er keyptur frá Skólamat og stenst hann þær kröfur og viðmið sem Lýðheilsustofnun setur. Mikilvægt er að hvetja nemendur til að koma með hollt nesti í skólann. Nauðsynlegt er að koma þeim ábendingum einnig til foreldra.

### **Náms- og starfsfræðsla**

Náms- og starfsráðgjafi hittir nemendur og ræðir við þá um námstengd og/eða persónuleg málefni. Hann reynir að leysa úr vandamálum nemenda eða benda á leiðir til lausnar. Hann getur einnig vísað á aðra aðila eða verið tengiliður t.d. við foreldra.

## **13.2. Öryggis- og slysavarnir**

### **Brunavarnir/rýming**

Brunavörnum og brunaæfingum er sinnt í skólanum. Við hættuástand getur reynst nauðsynlegt að rýma skólann. Grundvallaratriði er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögð þannig að þau komi eins og af sjálfu sér þegar á þarf að halda. Því skal haldin rýmingaráætlun á hverju hausti. Aðgerðaáætlun vegna rýmingar er í möppu hjá ritara og á heimasíðu Gerðaskóla.

### **Eldvarnir**

Rætt skal við nemendur um eldvarnir eftir því sem tilefni gefst til. Eldvarnarvika er skv. venju í byrjun desembermánaðar í 3. bekk. Rýmingaræfingar eru haldnar árlega í skólanum.



### Frímínútnagæsla

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal skólalóðin vera öruggt svæði fyrir nemendur. Á leiksvæðinu eru margs konar leiktæki og boltavellir. Starfsfólk sinnir gæslustörfum í frímínútum.

### Tryggingar

Skólinn er tryggður fyrir slysum á nemendum á skólatíma. Skólinn telur sig ekki ábyrgan fyrir skemmdum og týndum fötum öðrum en þeim, sem verða vegna vanrækslu skóla. Nemendur eiga ekki að vera í úlpum eða yfirhöfnum í kennslustundum.

### Umferðaröryggi

Akstur á skólalóð er bannaður. Reiðhjól skal geyma í hjólagrindum sem eru við innganga skólans. Í Gerðaskóla er ekki í boði að vera á reiðhjóli á skólalóð. Hlaupahjól og hjólabretti eru í boði í frímínútum á þar til gerðu svæði.

Í nágrenni skólans eru handstýrð umferðarljós fyrir gangandi vegfarendur til að komast yfir Garðveg, nemendur eru hvattir til að nota þessi ljós. Að lokum skal bent á mikilvægi endurskinsmerkja.

## 13.3. Jafnrétti og vellíðan

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Í 23. grein þeirra laga er kveðið á um að kynjasambættingar skuli gætt í stefnumótun og áætlunargerð í skóla- og uppeldisstarfi.

Á sama hátt kemur fram í 24. gr. Laga um grunnskóla nr. 91/2008 að grunnskólum beri að undirbúa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

Jafnréttisáætlun Gerðaskóla tekur til *nemenda* annars vegar og *starfsmanna* hins vegar. Áhersla er lögð á að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái árangri og skólastarfið miði við að efla hvern og einn til framfara og þroska. Starfið mótist af metnaði, hvatningu og aukinnar víðsýni þar sem hver og einn fær notið sín á eigin forsendum.

Skólastarf í anda jafnréttis tekur mið af mismunandi hæfileikum fólks. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk skólans hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið, stefnumótun og ákvarðanatöku og skal leitast við að tryggja það með sem bestum hætti.

Leiðarljós Gerðaskóla er að styrkja jákvæða kynímynd og varast að líta svo á að allir séu eða eigi að vera eins. Allt skólastarfið taki mið af viðhorfum jafnréttis og stuðli að jákvæðum viðhorfum til allra starfa. Stuðlað sé að því að starfsandinn sé góður og laus við fordóma og nýta þau tækifæri sem felast í jafnréttisáætlun skólans.

Orðið jafnrétti merkir: jöfn tækifæri til gæða lífsins, jöfn tækifæri til að koma skoðunum sínum og hugsjónum í framkvæmd. Einnig jöfn tækifæri til að nýta reynslu sína, þekkingu og menntun. Hafa skal hugfast að jafnrétti eru mannréttindi.

Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og í daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað og komið sé til móts við alla nemendur óháð kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna, trú eða fötlun.

Leitast skal við að mæta þörfum allra kynja í skólastarfinu. Nemendur eiga ekki að þurfa að þola áreitni sem er niðurlægjandi. Lögð er áhersla á að nemendum lærist að þekkja og tjá tilfinningar sínar en jafnframt eigi þeir að kunna að virða tilfinningar annarra.

Vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis og áhersla lögð á að þeir rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra og geti sett sig í þeirra spor.

Styrkja þarf sjálfsmynd nemenda og vinna gegn stöðluðum kynímyndum og vinna þannig gegn hefðbundnum hugmyndum um karl- eða kvennastörf. Mikilvægt er að veita nemendum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti, hlusta á þá og taka tillit til sjónarmiða þeirra. Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku nemenda og jafna hlut nemenda við hvert tækifæri þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans.

Náms og kennsluhættir Gerðaskóla taki mið af því samfélagi sem við búum í. Stefnt er að því að þróa leiðir og stuðla að góðum náms- og kennsluháttum í átt að bættum námsárangri og taka mið af öllum kynjum. Í Gerðaskóla er lögð áhersla á fjölbreytta námshætti, að verkefni séu fjölbreytt og að nemendur sjái tilgang með þeim. Fanga sem best áhuga nemenda og næmni til náms og vinna gegn ríkjandi kynjaímyndum. Þannig er líklegra að öll kyn fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og lífsýn fái að njóta sín. Efla frumkvæði og nýsköpun sem hefur jafnrétti og mannréttindi að leiðarljósi.

Stefnt er að því að fletta jafnréttisfræðslu inn í lífsleiknikennslu, efni bekkjarfunda og með ýmsum verkefnum sem geta komið til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Mikilvægt er að vinna gegn stöðluðum ímyndum kynjanna og fordómum með almennum umræðum og námsefni sem styrkir félagsproskann. Efla náms- og starfsfræðslu og vinna þannig gegn hefðbundnum hugmyndum um karla- og kvennastörf.

Kennarar þurfa að skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttissjónarmiði. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Sérstaklega er nauðsynlegt að huga að þessu í þeim greinum sem tengjast öðru kyninu fremur en hinu sbr. starfsval síðar á lífsleiðinni.

Einnig skal þess gætt að grunnþættirnir læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun njóti sín í öllum námsgreinum eftir því sem unnt er. Skólinn og sveitarfélagið hafa sett sér jafnréttisáætlanir og er vísað í þær.

Jafnréttisáætlun Gerðaskóla er á heimasíðu skólans.

#### **13.4. Áfallaáætlun**

Skólastjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallateymi (skólastjórnendur, námsráðgjafi, sóknarprestur, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur) þegar þörf þykir og stýra vinnu þess og skipulagi.

Á þeim tíma sem reglulegt skólastarf fer ekki fram skulu skólastjórnendur vera ábyrgir fyrir hlutverkum áfallateymis en geta í samráði við fulltrúa áfallateymis óskað eftir aðstoð þeirra sé talin ástæða til þess.

Í meginatriðum er hlutverk áfallateymis að ganga frá vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaut og ákveðið við þegar áföll hafa orðið s.s. bráð veikindi, dauðsföll, alvarleg slys eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Þá skal áfallateymi sjá til þess að starfsfólk fái rækilega kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.

Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur og aðstandendur þeirra og starfsfólk skólans.

Lykilatriði er að til sé mótuð, skýr og afdráttarlaus áætlun um hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við í hverju tilviki. Þá þarf að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Eðlilegt er að

gera ráð fyrir að hvert tilvik sé sérstakt og einstakt á sinn hátt en æskilegt er að hafa eftirfarandi þætti í huga við mótun vinnuskipulags ráðsins.

Almennt er reglan sú að sá sem fyrstur fær upplýsingar um áfall, t.d. slys eða dauðsfall kemur þeim til skólastjóra eða staðgengils hans. Skólastjóri sér um að afla staðfesta upplýsinga um atburðinn. Ritari sér um að koma upplýsingum til áfallateymis og annarra starfsmanna eins fljótt og kostur er. Sé atburðurinn tilkynntur til allra starfsmanna sameiginlega þarf að athuga hvort einhverjir nánir ættingjar eru í hópnum og þyrftu þeir að fá fréttina sérstaklega áður en almenn tilkynning kemur.

Áfallaáætlun skólans er í möppu á skrifstofu skólans og á heimasíðu Gerðaskóla en þar er sagt frá helstu viðbrögðum við hvers konar áföllum.

### 13.5. Óveður, ófærð

Skólinn er alltaf í samskiptum við almannavarnir um lokun skóla vegna veðurs. Ef foreldrar telja veður viðsjált og hættulegt börnum, þá ber þeim að hafa þau heima. Alltaf skal þó skólinn vera opin svo hægt sé að taka á móti börnum og veita þeim skjól. Nauðsynlegt er að tilkynna slík forföll sem önnur. Skelli óveður á skólatíma er beðið með að senda börnin heim þar til þau eru sótt eða heimför þeirra á annan hátt tryggð.

### 13.6. Skólareglur

- Nemendur komi kurteislega og þrúðmannlega fram í skólanum og þar sem þeir eru á hans vegum.
- Nemendur fari að fyrirmælum starfsfólks skólans í því er skólann varðar.
- Einelti af öllu tagi, ógnandi framkoma við aðra og beiting ofbeldis er bönnuð í skólanum.
- Nemendur temji sér góða umgengni og valdi ekki skemmdum á eigum skólans og annarra.
- Nemendur mæti í viðeigandi klæðnaði í skólann þ.m.t. í íþróttir og sund.
- Nemendur sýni tillitsemi og aðgæslu við félagasína í skólanum og á skólalóðinni.
- Nemendur séu stundvísir og mæti á réttum tíma í allar kennslustundir.
- Yfirhafnir nemenda skal geyma í fatahengi og gæta þess að skilja ekki eftir verðmæti í vösum þeirra.
- Öll verðmæti nemenda, s.s. tölvur, símar eru á þeirra ábyrgð.
- Sælgæti, gos og orkudrykkir er ekki leyft á skólatíma.

- Allar reykingar og önnur tóbaksnotkun eru alltaf bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og þar sem nemendur eru á vegum skólans.
- Hjólanotkun er ekki leyfð á skólalóðinni en nota má hjólabretti og hlaupahjól á ákveðnum svæðum.

### **Væntingar um hegðun**

#### **Anddyri og gangar**

Við förum úr skóm og röðum þeim í hillur

Við göngum hægra megin og horfum fram fyrir okkur

Við göngum snyrtilega frá yfirhöfnum og skólatöskum

Við höldum gangveginum greiðum

Við göngum hljóðlega milli svæða

Við göngum vel um

#### **Kennslurými**

Við erum stundvís

Við mætum með viðeigandi námsgögn

Við gefum vinnufrið og réttum upp hönd

Við göngum vel um

Við notum ruslafötur

Við berum ábyrgð á kennslugögnum

Við notum inni röddina

Við göngum frá borðum og stólum í lok dags

#### **Íþróttamiðstöðin**

Við berum virðingu fyrir öllum

Við mætum með viðeigandi fatnað

Við göngum vel um eigur okkar og annarra

Við hlustum

Við tökum þátt

Við gefum öllum tíma og pláss

Við förum í sturtu eftir hreyfingu

### **Bókasafn**

Við erum hjóðlát

Við göngum vel um bækur

Við skilum bókum á réttum tíma

### **Matsalur**

Við bíðum róleg í röð

Við notum inni röddina

Við höfum hendur og fætur hjá okkur

Við gefum hvert öðru tíma og svigrúm til að borða

Við tileinkum okkur góða borðsiði

Við klárum að borða í sætinu okkar

Við göngum frá eftir okkur

### **Snyrting**

Við veitum öðrum næði

Við sturtum niður og setjum setuna niður

Við höldum gólfinu þurru

Við þvolum hendur

Við hendum þurrkum í ruslafötur

### **Skólalóð**

Við setjum hjólin í hjólagrindur

Við virðum eigur annarra

Við leikum í sátt og samlyndi

Við göngum vel um útisvæðið

Við berum virðingu fyrir hvert öðru og leyfum öllum að vera með

Við notum hlaupahjól og hjólabretti á þar til gerðu svæði

Við köstum snjó á snjósvæði

Við hlýðum kalli bjöllunnar

### **Samkomur**

Við leyfum hverjum sem er að sitja við hlið okkar

Við höldum höndum og fótum að okkur

Við sýnum gestum og flytjendum áhuga og virðingu  
Við göngum vel um

### **Skólasei**

Við göngum frá útifatnaði og skólatöskum  
Við leyfum öllum að vera með í leik  
Við göngum frá eftir okkur  
Við biðjum um leyfi til að fara heim

### **Ferðir**

Við leyfum hverjum sem er að sitja við hlið okkar  
Við sitjum í sætum og spennum beltin  
Við höldum hópinn  
Við sýnum gestgjafanum sem og öðrum virðingu  
Við erum góðir fulltrúar skólans  
Við göngum vel um

### **Snjalltæki**

Við erum ábyrg fyrir því sem við setjum á netið  
Við eigum einungis jákvæð samskipti á netinu  
Við virðum símasamning  
Við skilum tækjum eins og við fáum þau í hendur

### **Yfir og allt um kring**

Við virðum eigur annarra  
Við fylgjum fyrirmælum  
Við vöndum framkomu okkar  
Við erum öll jöfn  
Við neytum matar í matsal  
Við virðum væntingar um hollar matarvenjur á skólatíma

### **Reglur um snjallsíma og sambærileg tæki**

Til að nemandi geti mætt með snjallsíma eða sambærilegt tæki í skólann þarf hann að undirrita samning ásamt foreldrum/forráðamönnum og fulltrúa skólans um ábyrga notkun á snjallsímum og sambærilegum tækjum. Eftirfarandi reglur gilda eftir undirritun samningsins.

- Nemendum er ekki heimilt að vera með síma á sér í kennslustundum.
- Þegar nemandi mætir í kennslustund þá skal slökkva á símanum og setja hann í „geymslukassann“ um leið og gengið er inní kennslustofuna.
- Ef nemendur vilja taka myndir ber að leita samþykkis þess sem á að mynda.
- Öll tæki sem nemendur koma með að heiman eru á ábyrgð nemenda og foreldra/forráðamanna.
- Öll misnotkun á tækjunum veitir starfsfólki skólans leyfi til að taka tækið og geyma hjá ritara þar til skóladegi lýkur. Misnotkun er t.d. ef einstaklingur særir annan með myndum eða orðum eða þegar það truflar vinnufrið nemenda og starfsmanna eða rýrir öryggi nemenda eða starfsmanna.
- Við endurtekið brot á þessum reglum verða foreldrar að sækja tækið í skólann.

### **Brot á reglum:**

Ef nemandi fer ekki eftir þessum reglum fær hann áminningu frá starfsfólki, ef nemandi lætur ekki segjast fer málið til umsjónarkennara/skólastjórnanda. Við endurtekið brot hefur umsjónarkennar/skólastjórnandi samband við foreldra.

### **Leyfisveitingar**

Leyfi fæst hjá umsjónarkennara, skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða skrifstofustjóra. Tveggja daga leyfi eða meira, er sótt um með útfyllingu sérstaks eyðublaðs sem er á heimasíðu skólans.



Gerðaskóli 2021

**Viðbrögð Gerðaskóla vegna ófullnægjandi skólasóknar.**

**Leyfi/veikindi.**

**Þrep 1 – Viðmið 5 til 9 veikinda- og/eða leyfisdagar**

Foreldrum/forráðamönnum send ástundun nemanda í gegnum Mentor.  
Námsráðgjafi/umsjónarkennari hefur í kjölfarið samband við foreldra/forráðamenn.



